

AUGLÝSING

**um staðfestingu gjaldskrár Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs
vegna endurbirtingar myndverka.**

Hér með tilkynnist að menntamálaráðherra hefur staðfest meðfylgjandi gjaldskrá Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs vegna opinberrar endurbirtingar myndverka sbr. 2. mgr. 25. gr. höfundalauga nr. 73/1972, með áorðnum breytingum, sbr. fylgiskjal með auglýsingu þessari. Gjaldskrá þessi var samþykkt á aðalfundi Myndstefs 29. maí árið 2009, sbr. samþykktir fyrir Myndhöfundasjóð Íslands - Myndstef nr. 422/1995. Tekið er fram að um viðmiðunargjaldskrá er að ræða og er heimilt að víkja frá gjaldskránni bæði til hækkanar og lækkunar.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá nr. 108/2001.

Menntamálaráðuneytinu, 3. september 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

Baldur Guðlaugsson.

Fylgiskjal.

Gjaldskrá Myndstefs 2009.

1. Skilmálar um notkunarheimildir verndaðra myndverka.

Höfundaréttur listamanns gildir í 70 ár eftir lát hans. Eftir það er heimilt að nota verk hans án endurgjalds. Þessi tímamörk eiga einungis við um hin fjárhagslegu réttindi höfunda ekki sæmdarétt (sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972).

Hvað þarf til að fá leyfi.

1. Til þess að fá notkunarleyfi á vernduðum myndverkum þarf að senda beiðni þar um til skrifstofu Myndstefs (myndstef@myndstef.is) þar sem tilgreint er til hvers á að nota myndverkið og upplagsstærð.
2. Ef notuð eru verk eftir 10 höfunda eða fleiri, getur Myndstef annast samninga sem ná til allra höfundanna. Sjá undir „Heildarsamningar“.
3. Senda þarf inn erindi og Myndstef veitir síðan heimild til notkunar. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við skrifstofu Myndstefs.

Almennir skilmálar.

1. Þóknun samkvæmt gjaldskrá tryggir rétt til að nota hið umsamda myndverk í samræmi við skilmála.
2. Myndverk skal endurútgefa óbreytt þ.e. ekki er heimilt að rita á/yfir eða skrifa ofan í verkið, skera til eða breyta því á annan hátt.
3. Nafn höfundar skal birt með eftirfarandi hætti: © Nafn höfundar/Myndstef.
4. Við notkun verndaðs myndverks á interneti má verkið ekki vera stærra en 600 pixlar á hæð eða breidd.
5. Notandi skal senda Myndstefi eintak af viðkomandi útgáfu/slóð að heimasíðu eigi síðar en á útgáfudegi/birtingardegi.
6. Myndstef sendir reikning ásamt heimildarblaði sem skilgreinir leyfilega notkun.

Sérskilmálar: Í sérstökum tilfellum gera höfundar viðbótakröfur vegna notkunar á vernduðum verkum þeirra t.d. sérstök skilyrði um birtingu ákvæðins texta eða nafns og jafnframt kröfu um að fá litaprufur fyrir prentun til samþykktar. Skrifstofa Myndstefs veitir upplýsingar um slíkar sérkröfur höfunda.

Sæmdaréttur höfunda: Ætíð er skylt að geta nafns höfundar þegar verndað myndverk er birt og jafnframt er óheimilt að breyta verkinu eða misfara með það á annan hátt. Um þetta gilda almennar

reglur í höfundalögum sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972. Vakin er athygli á að þessi réttindi höfunda eru óframsetjanleg. Í einstaka tilfellum er þó heimilt að breyta verki höfundar þannig að það falli inn í sérstaka hönnun eða uppsetningu en í slíkum afmörkuðum tilfellum þarf ætíð að liggja fyrir leyfi höfundar. Myndstef hefur milligöngu um slík erindi.

Heildarsamningur: Myndstef getur annast samningagerð sem nær einnig til réttinda höfunda sem ekki eru félagsmenn í Myndstefi. Þetta á meðal annars við þegar notuð eru mörg myndverk í útgáfu eða á internetti. Slíkur heildarsamningur gerir mögulegt að fá eitt allsherjarleyfi sem annars gæti reynst erfitt og tímafrekt ef þyrfti að semja við hvern og einn höfund. Ábyrgð á slíkum heildarsamningi hvílir á Myndstefi sem sér til þess að allir höfundar fái sínar greiðslur.

Viðmiðunargjaldskrá: Gjaldskrá Myndstefs er viðmiðunargjaldskrá sem heimilt er að víkja frá bæði til hækunar og lækkunar. Við not á myndverkum í markaðssetningu/auglýsingum semur Myndstef sérstaklega um gjaldið sem miðast þá við umfang notkunarinnar.

Eintakagerð án gjaldtöku: Í einstökum tilfellum er heimilt að nota verndað myndverk án þess að fá leyfi til þess eða greiða fyrir það. Slíkt á við þegar vernd samkvæmt höfundalögum er fallin niður eða þegar sérstakar undanþágur eru í höfundalögum um slíka gjaldfrjálsa notkun sbr. 3. kafla höfundalaga nr. 73/1972.

Óheimil notkun á vernduðum myndverkum: Þegar skilmálar samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki virtir getur Myndstef fyrir hönd viðkomandi höfundar krafist bóta í formi hækunar á gjaldskrá allt að 100%.

Ekki innifalið í gjaldi: Gjaldskrá Myndstefs tekur einungis til þóknunar vegna höfundaréttar eins og notkun hans er sérstaklega skilgreind í hverju tilfelli. Gjaldtaka vegna eintaks sem nota á vegna prentunar, útgáfu eða birtingar í hinu stafræna umhverfi fellur ekki undir þessa gjaldskrá og ber að greiða sérstaklega fyrir þá eintakagerð. Sá sem fær notkunarheimild samkvæmt þessari gjaldskrá getur ekki deilt útgáfurettinum með öðrum, t.d. með því að hlaða niður vernduðu efni til að nota sem kennsluefni.

Notkun gjaldskrár.

Þóknun samkvæmt gjaldskránni miðast við þann miðil sem myndverkið á að nota í t.d. birtingu í bókum, öðrum prentmiðlum, á interneti o.s.frv. Ef ekki er unnt að fella notkun undir neinn miðil sem gefinn er upp í gjaldskránni skal hafa samband við skrifstofu Myndstefs.

Gjaldskráin er uppfærð 1. janúar ár hvert og tengist breytingum á vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

Afslættir.

1. Þegar notuð eru fleiri en eitt verk:

- 10-19 myndverk -5% frá gjaldskrá
- 20-49 myndverk -10% frá gjaldskrá
- 50-99 myndverk -20% frá gjaldskrá
- 100 myndverk eða fleiri, sérsamningar

Við gerð eins eintaks af vernduðu myndverki skal semja sérstaklega.

2. Endurprentun:

Þegar útgefið efni er endurprentað eða gerðar hliðstæðar útgáfur af sama efni t.d. á dvd, cd, kvíkmyndum o.fl. er veittur afsláttur sem nemur 50%. Ef verk er endurútefið á öðru tungumáli en óbreytt að öðru leyti telst það endurprentun.

3. Not af vernduðu myndverki í mörgum miðlum:

Þegar myndverk er notað í útgáfu á mörgum miðlum skal greiða fullt gjald fyrir dýrasta miðilinn. Fyrir aðra miðla er að jafnaði veittur 20% afsláttur að því gefnu að allar útgáfurnar séu notaðar samtímis.

4. Endurtekin not af sama myndverki.

Ekki skal borga aukalega fyrir not af einni smámynd (thumbnail) sem vísar til stærra afrits í sömu útgáfu.

Sé sama myndverk birt oftar í einni útgáfu skal veittur 50% afsláttur af aukabirtingum.

2. Gjaldskrá.

Prentun.

Dagblöð, vikublöð, tímarit og fagblöð:

Upplag	1 - 1.000	-5.000	-10.000	Hvert auka 1.000
Upp að 1/8 af síðu	4.820	5.784	8.676	2.410
Upp að 1/4 af síðu	7.577	9.092	13.638	3.788
Upp að 1/2 af síðu	11.025	13.230	19.845	5.512
Upp að 1/1 af síðu	22.032	26.438	39.657	11.016
Forsíða	44.122	52.946	79.419	22.061
Baksíða	32.051	38.461	48.076	24.038

Bækur, rafrænar bækur og sýningarskrár:

Upplag	1-500	-1.000	-3.000	-5.000	-10.000	-15.000	-20.000	Hvert auka 5.000
Upp að 1/8 af síðu	6.703	8.043	10.054	13.406	15.416	20.109	22.790	2.010
Upp að 1/4 af síðu	9.318	11.181	13.977	18.636	21.431	27.954	31.681	2.795
Upp að 1/2 af síðu	12.132	14.558	18.198	24.264	27.903	36.396	41.248	3.639
Upp að 1/1 af síðu	15.704	18.844	23.556	31.408	36.119	47.112	53.393	4.711
Forsíða	49.500	52.965	74.250	99.000	113.849	148.500	168.300	14.850
Baksíða	24.750	26.482	32.175	37.125	42.075	44.550	47.025	7.425

Smáprent og bæklingar (þ.m.t. rafrænar útgáfur):

Upplag	1-1.000	-5.000	-10.000	-50.000	-100.000
Upp að 1/8 af síðu	6.142	7.370	9.213	11.669	14.126
Upp að 1/4 af síðu	9.960	11.952	14.940	18.924	22.908
Upp að 1/2 af síðu	12.889	15.466	19.333	24.489	29.644
Upp að 1/1 af síðu	18.285	21.942	27.427	34.741	42.055
Forsíða	36.552	43.862	54.828	69.448	84.069
Baksíða	24.871	29.845	37.306	47.254	57.203

Ef eingöngu er um að ræða rafrænar útgáfur t.d. pdf-skjöl til að niðurhala eða fréttabréf sent rafrænt þá er upplagstala metin út frá tilgangi og markhópi. Gjaldið nær yfir eitt almanaksár.

Fyrir bæklinga og annað prentað efni sem einnig er birt á heimasíðu útgefanda, er gjaldið reiknað út frá hinu prentaða efni með 50% aukningu. Gjaldið nær yfir eitt almanaksár.

Dagatöl:

Upplag	1.000	5.000	10.000
A4	16.946	22.029	28.808
A3	21.197	27.556	36.034
A2	31.796	41.334	54.053
A1	42.375	55.087	72.037

Póstkort, kveðjukort:

Format korta/upplag	1-500	-1.000
Upp að 12x15 cm A6	8.735	13.976
Upp að 13x18 cm	13.704	21.926
Upp að 15x21 cm A5	20.595	32.952

Veggspjöld, veggskilti, veltiskilti og spjöld í strætisvagnaskýlum (auglýsingar):

Upplag að/stærð	<21x27,7 cm	29,7x42 cm	50x70 cm	70x100 cm	80x120 cm	Stærri
1 - 10	9.413	11.295	18.826	23.532	28.239	31.062
11 - 500	45.412	54.494	90.824	113.530	136.236	149.859
501 - 1.000	56.766	68.119	113.532	141.915	170.298	187.327
yfir 1.000	68.397	82.076	136.794	170.992	205.191	225.710

Séu veggspjöld í öðrum stærðum skal semja sérstaklega.

Internet.

Fyrir myndverk sem eru notuð á upphafssíðu greiðist samkvæmt gjaldskrá með 100% álagi.

Greitt er eitt verð miðað við almanaksár fyrir prentaðar útgáfur sem jafnframt eru notaðar á heimasíðu útgefanda.

Menningar-, fræðslu- og opinberar stofnanir:

Fjöldi verka	Heildarverð með magnafslætti			
	Sýningar og kennsla		Önnur not	
	pr. mánuð	pr. ár	pr. mánuð	pr. ár
1 verk	1.755	21.030	2.872	34.378
2 - 3 verk	2.281	27.339	3.733	44.691
4 - 6 verk	2.632	31.545	4.308	51.567
7 - 10 verk	2.983	35.751	4.882	58.442
11 - 20 verk	3.510	42.060	5.744	68.756
21 - 30 verk	4.563	54.678	7.467	89.382
31 - 40 verk	5.616	67.296	9.190	110.009
41 - 50 verk	7.020	84.120	11.488	137.512

Söfn og skjalasöfn:

Fjöldi verka	Heildarverð með magnafslætti	
	pr. mánuð	pr. ár
Frá 1 - 100	2.620	31.462
Frá 100 - 200	13.102	157.312
Frá 201 - 300	17.032	204.505
Frá 301 - 400	20.963	251.699
Frá 401 - 500	24.893	298.892
Frá 501 - 1.000	28.824	346.086
Frá 1.001 - 2.000	35.375	424.742

Frá 2.001 - 3.000	41.926	503.398
Frá 3.001 - 4.000	48.477	582.054
Frá 4.001 - 5.000	56.338	676.441
Frá 5.001 - 10.000	66.820	802.291

Blöð – Ritstjórnarleg not:

	Heildarverð með magnafslætti	
Fjöldi verka	pr. mánuð	pr. ár
1 verk	2.640	31.680
2 - 3 verk	3.432	41.184
4 - 6 verk	4.224	50.688
7 - 10 verk	5.016	60.192

Heimasíður fyrir verslun og viðskipti:

	Heildarverð með magnafslætti		Auglýsingar, lágmarksverð
Fjöldi verka	pr. mánuð	pr. ár	pr. mánuð
1 verk	4.542	54.430	75.375
2 - 3 verk	5.904	70.759	
4 - 6 verk	6.813	81.645	
7 - 10 verk	7.721	92.531	
11 - 20 verk	11.355	136.075	
21 - 30 verk	14.534	174.176	
31 - 40 verk	17.259	206.834	
41 - 50 verk	20.893	250.377	

Samkvæmt
samningi

Heimasíður einstaklinga:

	Heildarverð með magnafslætti	
Fjöldi verka	pr. mánuð	pr. ár
1 - 10 verk	228	3.571
11 - 50 verk	1.140	17.855

Kvikmyndir.

Stuttmyndir eða heimildamyndir og sjónvarpsmyndir, þar sem birtast vernduð myndverk.

Upplag	1 eintak / frumeintak
Birting allt að 1 mínuða	10.210

CD, DVD og þess háttar:

Upplag	1 - 500	-1.000	-3.000	5.000
Pr. myndverk	12.132	14.558	16.984	24.264
Forsíða á umslag	49.500	54.450	64.350	74.250
Baksíða á umslag	24.750	29.700	34.650	49.500
Bæklingur (booklet)	Sjá gjald fyrir bækur			

Hafi þegar verið greitt fyrir frumeintak er veittur afsláttur kr. 3.945 pr./verk þegar frumeintakið er nýtt á CD, DVD o.þ.h.

Sýning í sjónvarpi:

Sýning	0 - 60 sek.	-120 sek. greiðist aukalega	120+ sek.
Pr. verk	20.401	10.200	Verð skv. samningi
Endursýning (innan 30 daga)	10.210	5.105	
Endursýning	20.401	10.200	

Ef búið er að greiða fyrir frummynd er veittur afsláttur kr. 3.945 pr./verk, þegar myndin er sýnd í sjónvarpi.

Sýning á auglýsingaskjá:

Verð pr. verk, pr. skjá	Fyrsta vika	Fyrir hverja hafna aukaviku
Á kaupstefnum, í stórmörkuðum o.b.h.	21.197	4.239
Þegar myndverk eru notuð af mennta- og menningarstofnunum	2.115	423

Rekstrarvörur.

Minnispeningar:

Upplag	að 1.000 stk.	að 5.000 stk.
Einn peningur	85.148	127.725
Hver umframpeningur	42.574	63.862

Barmmerki, burðarpokar, lyklakippur, pennar, segulmottur og aðrir smágripir:

Allt að 5.000 stk.	42.574
Allt að 7.000 stk.	56.769
Stærra upplag	85.148

Borðmottur, drykkjarkönnur, húfur, plattar og spil:

Allt að 1.000 stk.	42.574
Stærra upplag	56.769

Umbúða- og gjafapappír:

Allt að 2.500 metrar	34.058
Allt að 10.000 metrar	42.574

Umbúða- og gjafapappír og límmiðar:

Allt að 5.000 stk.	34.058
Stærra upplag	42.574

Veifur, föt, T-bolir og púsluspil:

Allt að 5.000 eintök	42.574
Stærra upplag	56.769

Sé upplag stærra en 5.000 eintök skal semja sérstaklega um greiðslu höfundabóknunar.

Frímerki:

Pr. mynd	203.402
----------	---------

Nr. 789

3. september 2009

Markaðsvara, debet- og kreditkort, fyrirtækjamerki o.þ.h.:

Samkvæmt samningi

Tölvuvinnsla.

Glærugerðar- og kynningarforrit (Power Point):

Upplag	pr. verk fyrir alm. fyrirlestra og kennslu	pr. verk í viðskiptatilgangi
1 - 10 verk	3.571	17.440
11 - 50 verk	2.678	13.080
yfir 50 verk	1.785	8.720

Viðhengi við fjölpóst í viðskiptatilgangi:

	pr. mynd
1 - 100 viðtakendur	17.440
101 eða fleiri viðtakendur	58.745

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2009